



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Hlynur Árnason
Gauksási 21
221 Hafnarfirði.

Hornafirði, 19. október 2018

Varðar: **Synjun á umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar.**

Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur haft til meðferðar umsókn Hlyns Árnasonar, kt. 100751-3489, dags. 27. desember 2017, um leyfi til sölu gistingar í flokki II að Áshildarvegi 35, fnr. 214269, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á grundvelli 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald var óskað eftir umsögnum frá þeim umsagnaraðilum sem ákvæðið telur upp.

Byggingarfulltrúi veitti neikvæða umsögn um framangreinda umsókn, sbr. meðfylgjandi umsögn. Í rökstuðningi er vísað til þess að lóðin sé staðsett í skipulagðri fristundabyggð.


Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 85/2007 skal umsækjanda tilkynnt um fyrirhugaða synjun skriflega og skal þar getið um ástæður hennar. Skal umsækjanda gefinn kostur á að bæta úr því sem er ábótavant við umsókn, ef þess er kostur, innan hæfilegs tíma sem tilgreindur skal í tilkynningu. Að öðrum kosti skal umsókn synjað.

Leyfisveitanda er óheimilt að gefa út rekstrarleyfi ef einhver hinna lögbundnu umsagnaraðila leggst gegn útgáfu leyfisins og ber að synja um útgáfu þess, sbr. 5. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 85/2007.

Með vísan til framangreinds er umsókn Hlyns Árnasonar um rekstrarleyfi **synjað**.

Synjun um útgáfu rekstrarleyfis má kæra til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs þessa, sbr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 26. gr. laga nr. 85/2007.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi


Anna Lilja Ragnarsdóttir ftr.



Afrit sent:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, skeidgnup@skeidgnup.is; kristofer@skeidgnup.is

Löggreglan á Suðurlandi, sudurland@logreglan.is

Brunavarnir Árnessýslu, arnessysla@eldvarnaeftirlit.is

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, hls@hls.is

Vinnueftirlit Suðurlands, vinnueftirlit@ver.is

Byggingarfulltrúi, runar@utu.is; hildur@utu.is;



**Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita**

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi
b/t Egils M. Benediktssonar
Hafnarbraut 36
780 Höfn**

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Laugarvatn, 18.01.2018
Tilvísun: 1801014 HM

Efni: Áshildarvegur 35: Umsögn um rekstrarleyfi: Gisting

Þann 17. janúar 2018 síðastliðinn var erindi þitt tekið fyrir hjá byggingarfulltrúa Uppsveita bs. og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

Móttokin var tölvupóstur þann 4/1 2018 frá fulltrúa Sýlumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gistiður - fristundahús

Umsókninni er hafnað, þar sem hús samræmist ekki reglugerð 1277/2016.

Samkvæmt reglugerð er ekki heimilt að veita rekstrarleyfi í sumarhúsum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfyllst,

